



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 28. maí 2021
SFS2021050175
9.3.1

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Þjónustusamningur við Myndlistaskólann í Reykjavík

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. maí 2021 voru lögð fram drög að þjónustusamningi við Myndlistaskólann í Reykjavík vegna námskeiða í leikskólum og grunnskólum fyrir börn og starfsmenn ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. maí 2021, reglum Reykjavíkurborgar um styrki, samþykktar í borgarráði 25. maí 2017 og uppgjör á samningum við Myndlistaskólann í Reykjavík fyrir skólaárin 2018-21, dags. 29. apríl 2021 .

Erindið var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Drög að þjónustusamningi

Minnisblað, dags. 6. maí 2021

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki, dags. 25. maí 2017

Uppgjör á samningum við Myndlistaskólann 2018 - 2021, dags. 29. apríl 2021



Minnisblað

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur við Myndlistaskólann í Reykjavík - endurnýjun þjónustusamnings til þriggja ára vegna námskeiða í leikskólum og grunnskólum fyrir börn og starfsmenn

Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur um áratugaskeið boðið námskeið ætluð börnum og ungmennum.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. maí 2018 og í borgarráði þann 17. maí 2018 var samþykkt að gera þjónustusamning við Myndlistarskólann í Reykjavík. Samningurinn gildir frá 1. ágúst 2018 til 31. júní 2021 og kveður á um greiðslu kr. 30.180.000.- á hverju skólaári.

Myndlistaskólinn hefur lagt fram yfirlit yfir uppgjör á framangreindum þjónustusamningi sem er hér meðfylgjandi.

Hér er lagt til að þjónustusamningurinn verði endurnýjaður og gerður samningur til þriggja ára vegna sömu verkefna og áður og að greiddar verði kr. 30.180.000.- á hverju skólaári fyrir veitta þjónustu.

Kostnaður vegna þjónustusamningsins rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs til listfræðslu vegna ársins 2021.



Þjónustusamningur

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS), kt. 500796-2359, annars vegar og Myndlistaskólinn í Reykjavík, kt. 460269-4079, Hringbraut 121, 101 Reykjavík, hins vegar gera með sér svofelldan samning um kaup á þjónustu við starfsstaði skóla- og frístundasviðs:

1. gr.

Skilyrði og markmið

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög og reglur.

Markmið samningsaðila er að styrkja og efla myndlistarnám barna og unglunga í Reykjavík með því að greiða fyrir sérstök samstarfsverkefni skólans við leik- og grunnskóla Reykjavíkurborgar á tímabilinu.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila skal m.a. til samræmis við reglurnar skila skóla- og frístundaráði kyngreindum gögnum um þá sem veita eða njóta e.a. njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Myndlistarskólinn aflar og kannar sakarvottorð starfsfólks sem sinnir starfi með börnum og tryggir að þeir standist þær kröfur sem leiða af 3. mgr 11. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 og 3. mgr. 6. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Myndlistarskólinn skuldbindur sig til þess að afla upplýsts samþykkis fyrir Myndlistarskólann til að afhenda stjórnanda starfsstaðar skóla- og frístundasviðs afrit af sakavottorði.

2. gr.

Verkefni Myndlistaskólans í Reykjavík á grundvelli framlagsins

Þjónustukaup vegna samstarfs við starfsstöðvar skóla- og frístundasviðs

Grunnskólasamstarf

Myndlistaskólinn verður í samstarfi við grunnskóla í Reykjavík sem valdir eru í kjölfar umsóknarferlis í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Gengið verður til samstarfs um kennslu nemenda á öllum stigum grunnskólans. Nemendur koma í bekkjum og er hverjum bekk skipt í 2 hópa.



Á yngsta stigi og miðstigi koma nemendur 3 morgna í Myndlistaskólann og fá 1-2 styttri skólaheimsóknir, hver nemandi fær 15,5-17,5 kest. Reiknað er með að allt að 24 bekkir taki þátt í samstarfinu á hverju skólaári.

Á unglíngastigi koma nemendur 2 morgna í Myndlistaskólann og fá 2-3 styttri skólaheimsóknir, hver nemandi fær 13-15 kest. Reiknað er með að allt að 12 bekkir taki þátt í samstarfinu á hverju skólaári.

Vegna ólíkra stærða grunnskólanna getur þurft að færa kennslustundir milli skólastiga.

Leikskólasamstarf

Myndlistaskólinn verður í samstarfi við leikskóla í Reykjavík sem valdir eru í kjölfar umsóknarferlis í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Nemendur koma í litlum hópum (6-8 börn) í fylgd leikskólakennara og kemur hver hópur í allt að 6 skipti. Kennslustundafjöldi á hvern nemenda er 11,25-13,5 kest. Reiknað er með allt að 24 hópum yfir skólaárið. Innifalið í verkefninu eru endurmenntunarnámskeið fyrir starfsfólk þáttökuleikskólanna. Starfsmenn greiða sjálfir hluta kostnaðar.

Endurmenntunarnámskeið

Myndlistaskólinn býður upp á endurmenntunarnámskeið fyrir kennara og starfsfólk grunnskóla og frístundaheimila í Reykjavík í samráði við skóla- og frístundasvið. Framlag Reykjavíkurborgar miðast við þrjú þriggja daga námskeið eða námskeið í alls níu daga á hverju skólaári.

3. gr.

Fjárhæðir og greiðslur

3.1 Skv. 2. gr. samningsins greiðir skóla- og frístundasvið Myndlistaskólann í Reykjavík um kr. 30.180.000 hvert skólaár vegna skólaáranna 2021-2022, 2022-2023, 2023-2024 og er fjárhæðin heildarframlag skóla- og frístundasviðs til skólans vegna þessarar starfsemi á tímabilinu:

Framlag pr. skólaár:

Samstarf við starfsstöðvar SFS	kr.	28.030.000
Endurmenntunarnámskeið	kr.	2.150.000
Samtals pr. skólaár	kr.	30.180.000

3.2 Greiðslur verða inntar af hendi mánaðarlega í 36 jöfnum greiðslum, eftirá.



3.3 Myndlistaskólinn skilar greinagerð til skóla- og frístundasviðs í júní ár hvert um liðið skólaár. Þar er verkefnum á vettvangi starfsstaða SFS lýst, framkvæmdin metin og annað tekið fram sem samningsaðilar vilja hafa í slíkri skýrslu. Verkefnin verða jafnframt metin af þátttakendum og verður það mat unnið á vegum SFS.

4. gr.

Áhrif fjölgunar nemenda og breytingar á þjónustu

Myndlistaskólanum er heimilt að kenna fleiri nemendum og veita meiri þjónustu en gert er ráð fyrir í 2. gr. hér að framan en fjölgun nemenda eða aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð greiðslu. Upphæð greiðslu er þá dreift á fleiri reykvíska nemendur og niðurgreiðsla á hvern nemanda minnkar í samræmi við það. Dragi skólinn úr kennslu eða þjónustu miðað við forsendur þær er koma fram í 2. gr. hér að framan mun skóla- og frístundasvið Reykjavíkur endurskoða greiðsluna og má skólinn þá búast við lækkaðri greiðslu í samræmi við breyttar forsendur. Miðað verður við nemendaskrá 1. október og 1. febrúar ár hvert, auk upplýsinga um leik- og grunnskólasamstarf.

5. gr.

Upplýsingar og eftirlit

- 5.1 Myndlistaskólinn skilar ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí ár hvert um liðið fjárhagsár (almanaksár).
- 5.2 Myndlistaskólinn veitir skóla- og frístundasviði Reykjavíkur allar upplýsingar um starfsemi skólans sem beðið er um, svo sem um nemendafjölda, aldur nemenda, búsetu nemenda og bókhald skólans. Ennfremur allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttektar sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða myndmenntakennslu í Reykjavík almennt.

6. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til skólans vegna verkefnanna við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til



riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Verði á samningstímanum vanefndir á samningi þessum af hálfu skólans hvað varðar framkvæmd einhverra þeirra þátta sem hér er um samið áskilur skóla- og frístundasvið Reykjavíkur sér rétt til að stöðva greiðslur vegna þess hluta tafarlaust.

7. gr.

Gildistími og uppsögn

Samningur þessi gildir frá 1. ágúst 2021 og rennur út 30. júlí 2024 og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Samningurinn er uppsegjanlegur hvenær sem er á tímabilinu af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg.

8. gr.

Þagnæmska starfsfólks og meðferð stjórnarsýslumála

Starfsfólk Myndlistaskólans skal gæta fyllstu þagnæmsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

10. gr.

Framsal

Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

11. gr.

Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

12. gr.
Undirritun

Öllu framangreindu til staðfestu rita fulltrúar aðila nöfn sín í votta viðurvist. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Reykjavík, x. maí 2021

f.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

F.h. Myndlistaskólans í Reykjavík

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritunum
og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

1. kafli. Markmið.

1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

2. kafli. Ábyrgð.

4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

6.gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja**7.gr.**

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

8. gr.

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki

9. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

10.gr.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is og hjá stofnunum borgarinnar.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinna þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.

11. gr.

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykkrtra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

12. gr.

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærri styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

15.gr.

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

16.gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli. Gildistaka**17. gr.**

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.

Reykjavík, 29. apríl 2021

Til skóla- og frístundasviðs
B.t. Helga Grímssonar sviðsstjóra
og Sigfríðar Björnsdóttur deildarstjóra listfræðslu

Uppgjör á samningum við Myndlistaskólann í Reykjavík fyrir skólaárin 2018-21

Í sumar rennur út fyrsti þriggja ára samstarfssamningur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar við Myndlistaskólann í Reykjavík en áður var samið til árs í senn. Samningurinn er tvískiptur. Annar hlutinn fjallar um frístundanámskeið fyrir börn á aldrinum 4-16 ára en hinn um samstarf skólans við leik- og grunnskóla borgarinnar. Þessi skýrsla tekur til allra þátta sem tilteknir eru í samningnum, en auk þess eru þar helstu niðurstöður úr könnunum meðal þátttakenda í leik- og grunnskólasamstarfinu. Jafnframt fylgir yfirlit yfir rekstur barna- og unglíngadeildar skólans árin 2018-20 og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi skólaár þar sem því hefur ekki verið lokað.

Við sem störfum við skólann erum mjög ánægð með þær breytingar sem gerðar voru með síðasta samningi. Lenging á gildistíma samningsins var til mjög mikilla bóta fyrir skólann en áður ríkti stöðug óvissa um um fyrirkomulag hlutanna ár frá ári. Í samningnum var líka stigið mjög stórt skref fram á við með því að stækka leik- og grunnskólasamstarfsverkefnið verulega. Bæði eiga nú mun fleiri skólar kost á þátttöku í listasmiðjum við Myndlistaskólann en hitt er ekki síður mikilvægt að með meiri samfelli hefur okkur tekist að þróa verkefnið og slípa til. Jafnframt er viðbótin hagkvæm fyrir skólann en góð stofunýting er lykilatriði í rekstrinum. Áður þurfti skólinn að halda stofum frá og jafnvel hafna verkefnum til þess að geta tryggt pláss fyrir þær fáu listasmiðjur sem haldnar voru.

Barna- og unglíngastarf skólans hefur farið fram á þremur starfsstöðvum innan borgarinnar. Meginstarfsemin fer fram í JL- húsinu við Hringbraut en auk þess hefur skólinn haft aðgang að kennslustofu í félagsmiðstöðinni Miðbergi tvo eftirmiðdaga í viku og rekið útibú á Korpúlfsstöðum. Nú hefur leigunni á Korpúlfsstöðum verið sagt upp og því óvíst hvort hægt verður að halda áfram starfsemi í Grafarvogi. Leit að nýrri aðstöðu stendur yfir.

Með bestu kveðjum,

Arlaug Thorlacius

Vetrarnámskeið fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri

Námskeið Myndlistaskólans í Reykjavík eru mikilvægur hluti af tómstundaframboði fyrir börn og unglinga höfuðborgarsvæðisins yfir vetrartímam. Samningnum er ætlað að styrkja og efla myndlistarnám barna og unglinga í Reykjavík en sambærilegt nám er ekki í boði annarsstaðar innan borgarinnar. Skv. samningnum ber skólanum að kenna að lágmarki 164 nemendum búsettum í Reykjavík á hverri önn. Á samningstímanum hefur nemendafjöldi á námskeiðum barna- og unglingadeildar verið á bilinu 222-289 (sjá meðfylgjandi töflu). Langstærstur hluti er búsettur í Reykjavík en skólinn innheimtir aukagjald af börnum búsettum í öðrum sveitarfélögum. Fjöldi reykviskra barna á námskeiðum skólans á samningstímanum hefur verið á bilinu 21-57% umfram samning. Námskeiðin uppfylla skilyrði vegna nýtingar frístundakorts en vetrarnámskeið skólans eru haldin vikulega og hver önn stendur í 12 vikur.

Fjöldi barna á vetrarnámskeiðum á gildistíma samningsins				
Samningurinn kveður á um 164 nemendur búsetta í Reykjavík á hverri önn				
Önn	Hópar	Nemendur	Nem. í Rvk.	Umfram samning
Haust 2018	29	223	199	21%
Vor 2019	32	248	213	30%
Haust 2019	28	222	202	23%
Vor 2020	32	266	247	51%
Haust 2020	32	289	257	57%
Vor 2021	32	282	245	49%
Á samningstíma	185	1530	1363	38,5%

Leik og grunnskólasamstarf

Samstarf við leik- og grunnskóla byggir á því að skólar sækja um þátttöku fyrir heila árganga og börnin mæta í Myndlistaskólann ásamt sínum bekkjarkennara. Áður hafði í samningnum um tómstundastarf um árabil verið gert ráð fyrir einu til tveimur slíkum verkefnum á hverju ári. Sú samfella sem myndaðist með aukningu í þessum þætti starfseminnar skapar mikilvæga festu og styrkir grundvöllinn undir faglegt þróunarstarf skólans.

Á samningstímanum ber skólanum að halda smiðjur fyrir allt að 72 hópum leikskólabarna, allt að 72 bekkjarhópum barna á yngra stigi og miðstigi og allt að 36 hópum á unglingastigi sem sömuleiðis er skipt í tvennt í smiðjunum. Að þeim skólum sem fyrirhugað er að taka á móti fram að lokum yfirstandandi skólaárs meðtöldum verða leikskólahóparnir 74, hópar á yngra stigi og miðstigi 87 og unglingahópar 23. Allt í allt hefur skólinn því tekið á móti 184 hópum á meðan samningurinn kveður á um að tekið skuli á móti allt að 180.

Skýringar á því að ekki náðist að uppfylla skilyrði um fjölda hópa á unglingastigi eru nokkrar. Þýngst vegur sú staðreynd að stundatöflur nemenda verða flóknari eftir því sem þeir eldast sem þýðir að allt uppbot á stundaskrá hefur viðtækari áhrif á skólastarfið.

Skv. samningnum fær hver þátttakandi á leikskólastigi á bilinu 11,25-13,5 kennslustundir, nemandi á miðstigi 15,5-17,5 kennslustundir en nemandi á unglingastigi 13-15 stundir. Skv. þessu hefur skólinn átt að kenna að lágmarki 810 kennslustundir á leikskólastigi, 1260 á miðstigi og 525 á unglingastiginu, samtals að lágmarki 2.595 kennslustundir á þessum þremur árum. Skólinn hefur á þremur árum kennt samtals 2.896,5 kennslustundir eða 301,5 kennslustundum yfir lágmarki.

Leikskólastig

2018 -2019	Börn	Hópar	Kest.	Hverfi
Tjörn	19	3	40.5	101
Vesturborg	16	2	27	101
Garðaborg	7	1	13.5	108
Vinagerði	12	2	27	108
Múlaborg	20	3	40.5	108
Borg	27	4	54	109
Klettaborg	22	3	40.5	112
Geislabaugur	21	3	40.5	112
Suðurborg	22	3	40.5	111
Alls skólaárið	166	24	324	
2019-2020	Börn	Hópar		Hverfi
Drafnarsteinn	24	4	54	101
Geislabaugur	24	4	54	113
Gullborg	26	4	54	107
Lýngheimar	12	2	27	112
Sunnufold	18	3	40.5	112
Vinagerði	10	2	27	108
Alls skólaárið	114	19	256.5	
2020-2021	Börn	Hópar		Hverfi
Rofaborg	27	3	40.5	110
Jörfi	23	3	40.5	108
Nóaborg	25	3	40.5	105
Vinagerði	14	2	27	108
Stakkaborg	16	2	27	105
Álftaborg	26	3	40.5	108
Heiðarborg	20	3	40.5	110
Berg- Kjalarnes	7	1	13.5	116
Nes-Bakki	11	2	27	112
Nes-Hamrar	20	2	27	112
Fífuborg	16	2	27	112
Hulduheimar	12	2	27	112
Geislabaugur	23	3	40.5	113
Alls skólaárið	240	31	418.5	
Á samningstíma	520	74	999	

Yngra stig og miðstig

2018-2019	Nemendur	Hópar	Kest.	Hverfi
Austurbæjarskóli	42	2	35	101
Ártúnsskóli	36	2	35	110
Breiðagerðisskóli	51	3	52.5	108
Fossvogsskóli	56	3	52.5	108
Hamraskóli	19	1	17.5	112
Háaleitisskóli	35	2	35	108
Húsaskóli	31	2	35	112
Kelduskóli	36	2	35	112
Klettaskóli	8	1	17.5	105
Vesturbæjarskóli	44	2	35	101
Vogaskóli	36	2	35	104
Vættaskóli	36	2	35	112
Vættaskóli, aukat.	24	1	17.5	112
Ölduselsskóli *	48	4	70	109
Alls skólaárið	502	29	507.5	
2019-2020	Nemendur	Hópar	Kest.	Hverfi
Ártúnsskóli 6.b	16	1	17.5	110
Ártúnsskóli 4.b	24	1	17.5	110
Breiðagerðisskóli	57	3	52.5	108
Fossvogsskóli	51	3	52.5	108
Háaleitisskóli	32	3	52.5	108
Langholtsskóli	80	4	70	104
Laugarnesskóli	102	5	87.5	105
Rimaskóli	43	2	35	112
Vættaskóli	50	2	35	112
Vogaskóli	40	2	35	104
Alls skólaárið	495	26	455	
2020-2021	Nemendur	Hópar	Kest.	Hverfi
Engjaskóli	32	2	35	112
Fellaskóli	32	2	35	111
Fossvogsskóli	36	2	35	108
Háaleitisskóli	26	2	35	108
Ingunnarskóli*	47	2	35	113
Langholtsskóli	73	4	70	104
Laugarnesskóli ***	100	5	87.5	105
Melaskóli 3.b**	80	4	70	107
Melaskóli 7.b**	75	4	70	107
Vesturbæjarskóli 3.b	45	3	52.5	101
Vesturbæjarskóli 4.b	43	2	35	101
Alls skólaárið	589	32	560	
Á samningstíma	1586	87	1522.5	

* Hætt við ** Féll niður v. covid *** Lýkur í maí 2021

Unglingastig

2018-2019	Nemendur	Hópar	Kest.	Hverfi
Kelduskóli	19	1	15	112
Klettaskóli	6	1	15	105
Rimaskóli	53	2	30	112
Vættaskóli	43	2	30	112
Alls skólaárið	121	6	90	
2019-2020	Nemendur	Hópar		Hverfi
Álftamýraskóli	18	2	30	108
Hlíðaskóli	15	2	30	105
Vogaskóli	24	2	30	104
Vættaskóli	48	2	30	112
Alls skólaárið	105	8	120	
2020-2021	Nemendur	Hópar		Hverfi
Hlíðaskóli	12	1	15	105
Víkurskóli	67	3	45	112
Víkurskóli	72	3	45	112
Víkurskóli *	94	4	60	112
Alls skólaárið	245	11	165	
Á samningstíma	471	25	375	

* Hætt í miðju verkefni vegna erfiðra einstaklinga



Endurmenntun fyrir kennara og starfsfólk frístundaheimila

Samningurinn kveður á um að árlega skuli haldin a.m.k. þrjú 3ja daga endurmenntunarnám-skeið fyrir kennara og starfsfólk grunnskóla og frístundaheimila. Ekki hefur reynst hægt að fá starfsfólk þessara ólíku starfsstöðva saman á námskeið þar sem starfsfólk frístundaheimila er upptekið þegar skólar hafa starfsdaga. Ætlunin var að bjóða frístundaheimilum sérstök námskeið en svo brast á með covid-19 og allar áætlanir fóru útbyrðis. Þegar það gerðist höfðu einungis tvö 3ja daga námskeið af níu verið haldin. Önnur tvö stóðu fyrir dyrum þegar skellt var í lás síðasta sumar. Ætlunin var að bjóða fleiri styttri námskeið á yfirstandandi skólaári til að uppfylla samninginn en það hefur ekki enn tekist. Á tímabilinu hefur hinsvegar náðst að fá starfsfólk tveggja leikskóla á námskeið. Þau eru tilgreind hér þótt þau séu ekki liður í samningnum.

Skólaár	Hópar	Nemendur	Dagar
2018-19			
Leikskólinn Klettaborg	2	21	4
2019-20			
Grunnskóli	2	25	6
Leikskólinn Drafnarsteinn	2	26	4
2020-21			
Grunnskóli (féll niður v. covid)	(2)		(6)
Á samningstíma	2	25	6

Könnun á mati þátttakenda

Að lokinni hverri smiðju eru kennarar samstarfsskólans beðnir um að svara könnun um skipulagnggu, framkvæmd og eigin upplifun af smiðjunni. Viðbrögðin hafa verið góð og ánægja hefur ríkt meðal þátttakenda í smiðjunum. Hér eru dæmi um umsagnir og einkunnagjöf frá nokkrum skólum:



Hverjar voru sterku hliðar smiðjunnar?

- Starfsmennirnir og starfsandinn.
- Notalegt andrúmsloft, glaðlegir kennarar sem voru vel undirbúnir.
- Mikil áhersla lögð á að börnin lærðu um grunnlitina
- Skemmtileg og fjölbreytt verkefni og góð tenging við listamenn.
- Kennarar vel undirbúnir og leiðbeindu vel. Náðu að laða margt fram hjá nemendum.
- allir fengu að njóta sín, í mismunandi verkefnum.
- Áhugaverð nálgun á að vinna frá því yfir í tvívítt með því að nota ljós og skugga.
- Nægur tími til að ljúka verkefnum
- Hentaði vel áhugasviði nemenda. Skemmtilegt uppbrot á hefðbundinni kennslu.
- Virkilega fjölbreytt og skemmtileg verkefni, hvern einasta morgun.
Gott að hafa um 10 nemendur saman í hóp/stofu - nægur tími til að aðstoða og spjalla við nemendur.
Hæfir og góðir kennarar sem tóku á móti okkur.
- Það voru frábærir og reynslumiklir kennarar sem tóku á móti okkur og unnu með okkur á námskeiðinu - allt ferlið var afslappað og gefandi fyrir nemendur, þar sem víða var komið við í sköpunarferlinu - nemendahópurinn blómstraði þar sem allir fengu í að njóta sín í litlum hópum og svigrúm var til að vinna án mikillar tímapressu.

Hverjar voru veiku hliðar smiðjunnar?

- Hefði verið betra að nemendur gætu gert eigulegri hluti, þeir gerðu turna sem voru lítið eigulegir.
- Ég man ekki eftir neinu. Mér fannst vel haldið utan um allt.
- Ekki sömu verkefni milli kennara - mismunandi útfærslur. Aðeins of mikið talað um fræðihluta, sem misstí marks hjá 9-10 ára.
- Sáum ekki veikar hliðar smiðjunnar
- Ekki sýnilegar að mínu mati.
- Vantaði stigsskiptan stuðning til að koma til móts við nemendur með litla skólafærni.
- Dettur bara ekkert í hug.
- Þægileg strætóferð þannig að það er í raun ekki hægt að blóta staðsetningunni.

Annað

- Til þess að nemendur sem koma langt að fái sem mest út úr tímanum, þarf að bjóða upp á rútuferðir frá skóla í Myndlistarskólann.
- Krakkarnir voru mjög ánægð með samstarfið, hefðu viljað koma aftur viku eftir
- Allir gátu notið sín og skemmtu sér vel. Öllum hlakkaði til að koma og vonandi gest öllum nemendum þetta tækifæri í framtíðinni.
- Þetta samstarf MÍR við Skóla og frístundasvið er frábært.
- Við erum mjög ánægð að hafa fengið tækifæri til taka þátt í þessum smiðjum sem þið bjóðið upp á.
- Bara vonandi eigum við möguleika á að senda fleiri bekki í framtíðinni :-)
- Takk kærlega fyrir okkur.

Skóli og aldur nemenda:

- Ártúnsskóli, 6. bekkur
- Breiðagerðisskóli, 4. bekkur
- Engjaskóli, 4. bekkur
- Fossvogsskóli, 3. bekkur
- Hamraskóli, 4. bekkur
- Háaleitisskóli - Hvassaleiti, 3. bekkur
- Langholtsskóli 5. bekkur
- Vogaskóli, valhópar unglíngadeild
- Vogaskóli, 5. bekkur

Rekstraryfirlit/-áætlun

Meðfylgjandi yfirlit sýnir nýtingu samningsfjárins á samningstímanum. Um áætlun er að ræða fyrir yfirstandandi skólaár en fjárhagsár skólans er frá júlí til júníloka. Tap er byrjað að safnast upp vegna samningsbundinna verkefna. Laun hækka í takti við launahækkanir á almennum vinnumarkaði og skólinn greiðir fyrir stuðnings-kennslu þegar þess gerist þörf og ber ennfremur kostnað vegna forfalla kennara þegar þau koma upp. Það þarf því eitt hvert borð að vera fyrir báru. Sá hagnaður sem myndast hefur með starfi barnadeildar er til kominn vegna sumarnámskeiða sem ekki falla undir samninginn en þau hafa haldið rekstri deildarinnar réttum megin við núllið. Þótt leik- og grunnskólasamstarf hafi dregist saman vegna samkomubanns á vorönn 2020 jókst kostnaður deildarinnar þar sem greiða þurfti kennurum skv. samningum, auk þess sem bæta þurfti við tímum á námskeiðum eftir að skólastarf var leyft á ný til þess að nemendur fengju þá kennslu sem greitt hafði verið fyrir.

Samningsbundin verkefni	Áætlun	Rauntölur	Rauntölur
Gjöld	<u>2020-21</u>	<u>2019-20</u>	<u>2018-19</u>
Kennsluefni	2,661,750	2,364,769	2,236,487
Laun	59,059,725	55,514,523	53,427,182
Annar rekstrarkostnaður	22,555,260	20,957,770	19,049,748
Rekstrargjöld alls	<u>84,276,735</u>	<u>78,837,062</u>	<u>74,713,417</u>
Þjónustusamningar			
Reykjavíkurborg	52,179,996	52,179,996	52,179,996
Eftirstöðvar	<u>32,096,739</u>	26,657,066	22,533,421
Skólagjöld - vetrarnámskeið	28,850,275	24,406,622	22,937,248
Hagnaður/tap samningsb. verkefna	-3,246,464	-2,250,444	403,827
Hagnaður vegna sumarnámskeiða	5,230,875	4,096,936	1,897,899
Hagnaður/tap barnadeildar	1,984,411	1,846,492	2,301,726

Sé eingöngu litið til þess hluta samningsins sem snýr að leik- og grunnskólasamstarfi varð tvennt varð til þess að ekki náðist fullkomið jafnvægi í þeim þætti milli ára. Fyrsta árið fór kynning á tilboðinu of seint út og hafa þurfti fyrir því að fá skóla til að sækja um. Vegna Covid var minna kennt en til stóð á vorönn 2020 en með því að gefa verulega í á yfirstanandi skólaári hefur tekist að fullnusta samninginn og gott betur að endurmenntuninni undanskilinni.

Leik og grunnskólasamstarf	Áætlun	Rauntölur	Rauntölur	ALLS
Gjöld	<u>2020-21</u>	<u>2019-20</u>	<u>2018-19</u>	<u>2018-21</u>
Kennsluefni	723,459	689,009	651,242	2,063,710
Laun	24,710,801	17,975,092	19,272,916	61,958,809
Annar rekstrarkostnaður	10,530,520	7,294,144	7,698,700	25,523,364
Rekstrargjöld alls	<u>35,964,780</u>	<u>25,958,245</u>	<u>27,622,858</u>	<u>89,545,883</u>
Þjónustusamningar/samstarf	30,180,000	30,180,000	30,180,000	90,540,000
Hagnaður/tap verkefnis	-5,784,780	4,221,755	2,557,142	994,116